Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ræða flutt í Vestur- Skaftafellssýslu 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Vestur Skaftafellssýsla - 1954

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 4-3, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ræða í V-Skaft. 1954.

Vorið, sem nú er nýliðið, mun lengi verða minnisstætt fyrir eindæma veðurblíðu og fegurð. En það er ekki einungis gjafmildi náttúrunnar, sem er okkur nú í huga, heldur einnig gleðin yfir, að hinn 17. júní s.l. héldu menn hátíðlegt afmæli 10 ára hins íslenska lýðveldis.

Á þessum síðustu 10 árum hefur okkur hlotnast sú gæfa að vera alfrjáls þjóð, – í fyrsta sinn eftir nær 7 alda erlend yfirráð og oft sára áþján. Það er því eðlilegt og raunar skylda hvers og eins og þjóðarinnar allrar í heild ~~að halda dómsdag yfir sjálfum sér og~~ að spyrja ~~sig sjálfa sig~~, hvernig okkur hafi tekist að varðveita og ávaxta [Slíkt verðmætt pund, sem vissulega er svo mikilsvert, að full ástæða er til að „að halda dómsdag yfir sjálfum sér", eins og skáldið sagði, um hvernig til hafi tekist um varðveislu þess.] þetta dýra, ómetanlega pund.

Nokkur tilraun til þessa var gerð í ræðum og blaðaskrifum hinn 17. júní. Ég skal ekki hér rekja það, sem þá kom fram. En útbrögðin hygja hverjum og einum vera sannarlega harðdómsvik.

Alþýðublaðið gerði ekki mikið úr deginum. Það er ekki nema að vonum, því að ritstjóri þess og formaður Alþýðu-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flokksins barðist hatrammlega á móti frelsistökunni. Hinn 17. júní er þess vegna ekki tengdur hjá þeim minningum í huga hans eins og nær allra annara Íslendinga.

Kommúnistar leggja á það megináherslu að harma að sjálfstæði lands og þjóðar hefur verið tryggt með samstarfi við aðrar frelsisunnandi þjóðir. Þetta er einnig að vonum, því að öll kenning kommúnista, hvílir á þeirri sannfæringu, að Íslandi geti ekki vegnað vel, nema hinn alþjóðlegi kommúnismi verði allsráðandi í heiminum og þar með einnig á Íslandi.

Hitt gegnir í fljótu bragði furðu

~~Hitt furðu vakti það~~, að Framsóknarflokkurinn fagnaði 10 ára afmæli lýðveldisins með sérstöku hátíðablaði Tímans, þar sem aðaluppistaðan var grein eftir formann flokksins. Grein, sem fyrst og fremst var hatröm árás á samstarfsmenn Framsóknar á Alþingi og í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkinn, stærsta og öflugasta stjórnmálasamtök íslensku þjóðarinnar. Jafnvel á þessum hátíðisdegi þjóðarinnar mátti illindin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3

ekki fá hvíld. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta furðulega fyrirbæri. Og e.t.v. er það ekki eins furðulegt og í fljótu bragði virðist. Mér er nær að halda að það verði skiljanlegt, þegar hugleitt er það eðli Framsóknarflokksins, sem þið Vestur-Skaftfellingar þekkið af eigin raun ekki síður en aðrir, hve Framsóknarmönnum, er þó geta margt gott til mála lagt, eiga erfitt að vinna með öðrum ~~á jafnréttisgrundvelli~~ svo að aðrir njóti jafnréttis við þá. Gott dæmi þessa er sú tillaga, sem sagt er að forystumenn Sambandsins hafi borið fram á SÍS fundi fyrir fáum dögum, að þau hlutafélög, sem „samvinnumenn" eiga, skyldu vera léttara sköttuð en önnur hlutafélög. Ef ~~þeir~~ Framsóknarmenn hafa ekki betri aðstöðu en aðrir, ef þeir mega ekki sitja yfir annarra hlut og skammta landslýðnum og kaupmönnum eftir sinum eigin hugmyndum og segja öðrum fyrir verkum, þá er eins og þessum góðu mönnum sortni fyrir augum. Þeim virðist þá allt á glötunar-barmi, og auðvitað á glötunin að vera þeim að kenna, sem þeir telja að sitji fyrir þeim sjálfum í sólskininu og varpi á þá skugga, ~~og~~ það fyrst fremst Sjálfstæðismönnum.

Viðhorf Sjálfstæðismanna er annað. Það kom og berlega í ljós þegar þá gerðu ~~þeir~~ sjálfstm. einir tilraun til þess að tala fyrir og vegna þjóðarinnar allrar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gera grein fyrir, hvort
„hvort okkur hafi miðað aftur á bak
ellegar nokkuð á leið".

Alþjóð hlýddi og las það, sem
sagt var og skrifað hinn 17. júní, og
skal það ekki endurtekið nú. En
hvernig, sem það mál verður skoðað,
er enginn efi á því, að þetta 10 ára
tímabil er eitt hið merkasta og
framfaravikasta í allri sögu Íslands.

Í alþjóðamálum hafa verið svartar
blikur á lofti og hvarvetna hafa menn mátt
vita, að alls-konar ófriður brytist út
þá og þegar. Við Íslendingar höfum
ekki fremur en aðrir komist hjá
að miða meðferð mála okkar við þetta
óvenjulega ástand. Þess vegna höfum
við orðið að tryggja varnir landsins
og þar með gert okkar til að tryggja
frið í heiminum. Auðvitað er þetta
ekki óþægindalaust fremur en annað,
þegar til mikils er að vinna. En
víst munum við Íslendingar minnast
þess, að mjög er nú skipt um okkar
hag frá því, sem Danir fyrirskipuðu
1871, að Ísland skyldi vera

í aðskiljanlegan hlut: Danaveldis eða 1918 þegar ákveðið var, að Danmörk færi með utanríkismál Íslands. Nú sitjum við í Sameinuðu þjóðunum og ótal mörgum öðrum alþjóðlegum samtökum með öðrum sjálfstæðum þjóðum og njótum sama réttar og þær. ~~þess er ekki að dyljast~~ Merkust þessara samtaka nú ~~er~~ þó Atlantshafsbandalagið, þar sem Íslendingar eru ein af fjórtán frelsisunnandi þjóðum, og eiga þess þar með kost að fylgjast betur með og hafa meiri áhrif á hin þýðingarmestu mál en nokkur annar samfelldur hópur 150 þúsund manna, er eg kann skil á fyrr eða síðar.

Jafnframt þessu hefur okkur tekist að útvega okkur markaði og selja afurðir okkar víðar en nokkru sinni fyrr og þar með forðast, að verða nokkrum einum of háðir. Með því móti hefur okkur tekist að standa af okkur hina illvígu árás brezkra útgerðarmanna vegna friðunar okkar á fiskimiðunum. Er þess að vænta, að brezka stjórnin sjái áður en of langir tímar líða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6)

sóma sinn í því að koma vitinu fyrir þessa sérhagsmunaklíku, sem engum gerir gagn, hvorki sjálfum sér né öðrum.

Hinu kunnum við Íslendingar ekki hjá fremur en aðrar þjóðir, að hagsmunir okkar rekast stundum á hagsmuni annara þjóða. Þá er um að gera að fara ekki lengra en lög standa til og halda þannig á, að sem mest þjóðareining verði innanlands um okkar málsstað og samúð annara verði okkur til styrktar. Svo hefur verið gert bæði í landhelgismálinu og handritamálinu og er það mikilsvert, að þjóðin ~~stygga~~ efli þolinmæði sína í þeim efnum, svo sem þið Vestur-Skaftfellingar hafið nýlega gert með samþykkt sýslunefndar ykkar í handritamálinu.

Það var einmitt vegna þess, að okkur Sjálfstæðismönnum var ljós nauðsyn á sem mestri þjóðareiningu um utanríkismál, að við töldum hyggilegt, að Framsóknarmenn tæki við meðferð utanríkismálanna eftir að við Sjálfstæðismenn höfðum farið með þau fyrstu 9 ár lýðveldisins. Viðfangsefnið er að sameina meginhluta þjóðarinnar um sameiginlega íslenska utanríkisstefnu og koma í veg fyrir, að ~~flokksdeilurnar~~ í hita flokkastreitunnar fari menn að deila um það, sem þeir í aðalatriðum eru sammála um varðandi utanríkismálin. Til þess að Framsóknarmenn hefðu sem besta aðstöðu létum við þeim eftir öll völd yfir varnarmálunum, einnig þau sem að lögum heyrðu samkv. lögum undir aðra ráðherra. Um þetta var auðvitað tekizt skrifl. ósk Framsóknarm. í forsetaúrsk. um málefnaskiftingu. Hæstiréttur hefur nú ómerkt þann úrsk., en úr því hefur verið bætt með útgáfu brbl. A.ö.l. er of snemmt að kveða upp dóm um, hv. til hefir tekist, en eftir tekið verður, að Tíminn sýnir nú mun meiri áhuga f. utanríkismálum en áður og skrifar daglega um þau og m.a.s. svo mjög, að Framsóknarmenn fara að lýsa ánægju yfir stefnu utanríkisráðh. og veit ég ekki hvort það hefði verið gert fyrir ári [illegible]

Í innanlandsmálum hefur ekki síður mikið áunnist en í eflingu sjálfstæðisins út á við.

Rafvæðing landsins, húsabyggingar til sjávar og sveita, stórfelldar samgöngubætur á sjó og landi, lagning vega og brúun fljóta, símalagning, öflun margs- [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7)

konar vinnuvéla, til landbúnaðarstarfa og annars, endurnýjun og efling skipaflotans, uppbygging margháttaðs iðnaðar, þ.á m. bygging áburðarverksmiðju, virkjun fallvatna, bygging sjúkrahúsa, skóla og annarra menntasetra og ótal margt fleira, — alt talar þetta sínu skýra máli.

um meiri framfarir ~~[fróðra landa]~~ á þessum tíu árum en nokkru öðru slíku tímabili í sögu þjóðarinnar. Er nú ólíkt um að litast eða á árunum 1930–40, mesta valdatímabili Framsóknar, þegar bæta átti úr ~~[...]~~ örbirgð og vonleysi með

~~Ekki má gleyma því~~, að í stað sí-vaxandi haftanna, nefndafargans og áþjánar skrifstofumennskunnar á landsfólkinu, í stað þessa ólaganna ~~Er nú~~ markvisst stefnt að frelsi í verslun og athöfnum. Að því að samkeppnin fái að njóta sín öllum til góðs og komið verði í veg fyrir einokun, sem drepur manndómsandann jafnt í öllum, þeim, er hana verða að þola, sem hinum, ~~er~~ henni beita. Hygg ég, að fáir í þessu héraði kunni mörgum betur skil á, hversu sú hætta er geigvænleg svo fast sem sótt var að koma slíku einokunarhelsi á ykkur.

Sögu þessara tíu ára skal ég ekki ræða meira um. ~~Er~~ Það er satt, sem okkar ágæti formaður Ólafur Thors forsætisráðherra minti á í hinni snjöllu ræðu sinni 17. júní, að á þessum

Við eigum að hugsa meira um framtíð en fortíð, þó að hins liðna verði að minnast til að byggja á þeirri reynslu, því að hún er öruggasti leiðarvísirinn inn í framtíðina.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 árum hafa allir höfuðflokkarnir 4 einhverntíma verið í stjórn og allar hafa þær stjórnir leitast við að þoka málum landsins fram á leið og öll árin hefur verið haldið áfram með þá miklu nýsköpun atvinnuveganna, sem hafin var með myndun nýsköpunarstjórnarinnar haustið 1944. Sjálfstæðismönnum sýndist sitt hvað um myndun þeirrar stjórnar en aldrei verður því með réttu neitað, að hún vann merkilegt grundvallarstarf og þótt hæpið væri að hafa kommúnista með, vannst þó það að þeir sýndu hvað í þeim bjó; Að þegar á reyndi mátu þeir meira hagsmuni hins alþjóðlega kommúnisma en velfarnað íslensku þjóðarinnar. Síðan hefur orðið að stjórna án þeirra, ýmist með Alþýðuflokknum og Framsókn báðum saman eða Framsókn einni. Eftir stendur að á þessu 10 ára tímabili er það Sjálfstæðisflokkurinn einn allra sem ætíð hefur verið í stjórn og haft forystuna um flest það, sem mestu máli skifti og best hefur tekist. Saga þessa merka tímabils er því tengdari

og það er óneitanlega hlálegt, þegar Framsóknarmenn eru nú að hæla sér af forystu t.d. í landhelgismálinu, af því að Hermann J. og Páll Z. hafi flutt í því einhverja till., eftir að Sjálfstæðismenn byrjuðu að hefja í því undirb. þeirra framkv., sem síðan hafa verið gerðar. Sjálfur hafði Hermann J. verið nær 8 ár forsætisráðh. og þá ekkert gert.

91

Sjálfstæðisflokkurinn er voldugri en nokkrum öðrum samtökum íslenzku þjóðarinnar.

Við skulum og minnast þess, að um þessar mundir eru ekki nema 10 ár frá stofnun lýðveldisins, heldur og 1 ár frá hinum glæsilega kosningasigri Sjálfstæðismanna vorið 1953.

Sá sigur var ekki sízt unninn í Vestur-Skaftafells-sýslu. Undir hann runnu ýmsar stoðir. [Val] Við völdu ~~Jóns~~ Jóns Kjartanssonar, mannsins, sem fór frá kjötkötlunum í Reykjavík, til að vinna fyrir það hérað, sem hafði fóstrað hann og hann unni hugástum frá barnæsku, og nú hefur sent hann á Alþingi, þar sem hann með prúðmennsku, öruggri málafylgju og af yfirsýn langrar lífsreynslu ~~sér~~ sér um að hag ykkar sé svo vel borgið sem best má verða.

Afrek ykkar í stofnun verslunarfélagsins ~~og~~ hversu vel hefur tekist með rekstur þess ~~og~~ og sinn ríka þátt í sigrinum. Með því var bægt á brott einokunarhættinum, sem ~~[illegible]~~ hvíldi eins og mara yfir þessum hluta

landsins, sem skemst er á veg komin, norðaustan landinu, og ~~einungis~~ mest-megnis sendir Framsóknarmenn á þing.

Mest er þó vert um bjóðendurna sjálfa. Eg minnist þess, að eftir að hafði verið hér á fundi haustið 1952 hafði eg ~~á~~ orð á, að mér virtist ~~þetta~~ þetta sigurstranglegur hópur, sem þá var hér saman-kominn.

Það eru slíkir menn sem þjóðin þarf á að halda. Menn, sem af dugnaði, framtaksemi og alúð halda uppi byggð á óðulum mæðra sinna og feðra. Við getum án hvorugs verið: bæjanna, þaðan sem sjórinn er sóttur, þar sem iðnaður og verslun er rekin og margþættar menntir ~~st~~ stundaðar, og sveitanna, þar sem hin forna íslenska menning stendur föstustum fótum og sá atvinnuvegur, landbúnaðurinn, er stundaður, sem hefur verið okkar meginstoð í þúsund ár.

Af því að við getum án einskis þessa verið, verðum við að halda í heiðri því megin-boðorði Sjálfstæðis-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11)

manna: að stétt standi með stétt.

Hver verður að efla annan með því sem hann getur best í té látið.

Ekki þýðir að gera það aðeins í orði heldur miklu fremur í verki. Það stoðar t.d. ekki að hafa Búnaðarbanka með velmetnum bankastjóra og mikilshátta bankaráði, en stjórna honum á þann veg, að mest öllu frjálsu fé, sem hann hefur yfir að ráða sé varið til verslunarlána í Reykjavík. Hér þarf raunhæfar aðgerðir, ekki fína titla og vel launaðar stöður.

Fjármálastjórn og bankamálum verður að haga svo, að nauðsynlegir atvinnuvegir landsmanna geti þrifist og byggð í blómlegum héruðum geti eflst.

Finna þarf ráð til þess að ungir menn geti komið upp búi án afarkosta.

Samgöngur þarf enn að bæta.

Tryggja þarf frjálsræði í verslun enn betur en nú og kveða niður einokunar-drauginn í hvaða mynd sem hann birtist.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14)

Með tíðum þó e.t.v. á að koma rafmagni sem allra víðast um landið. Virkja smá-fallvötn, þar sem það er hentast, og leggja leiðslur frá stórvirkjunum, þar sem það er hagkvæmara. Með því gerbreytist líf sveitafólksins, kvenna jafnt sem karla. Ísland verður annað og betra Ísland en það áður var.

Þá hugsjón sáu þeir fyrstir þeir Jón Þorl. og þeir í Reykjavík fyrir meira en aldarfjórðungi. [illegible] undirst. okkar hefur hafið framkv. Þarna milli hugsjónar og átaksins samhvarf

Allt tekur þetta tíma. Ekki stoðar heldur að velta öllum ábyrgðinni á stjórnarvöldin. Einstaklingarnir eru undirstaðan, án manndóms þeirra, vinnu og fyrirhyggju fá stjórnarvöldin litlu áorkað. Meira fé en fyrir hendi er verður heldur aldrei til langframa eytt.

Margt er ógert. Mörgu er ábótavant. En miklu hefur verið til vegar komið.

Við Sjálfstæðismenn biðjum ykkur að dæma okkur, ekki eftir orðunum heldur verkunum. Og þegar þið kveðið upp dóminn, hafið þá í huga, að það, sem helst er ábótavant í stjórnarfari þjóðarinnar, kemur af því, að enginn einn flokkur hefur haft meirihluta. Sjálfstæðis-

13

flokkurinn er eini flokkurinn, sem möguleika hefur til slíks meirihluta kosninga-úrslitin í ykkar eigin kjördæmi sýndi að sá möguleiki er sannarlega fyrir hendi. Standið því því öruggir á verðinum. Eflið Sjálfstæðisflokkinn [fylgið því eftir að hann leggi af mörkum alt hið besta, er í honum býr og búið þannig í haginn fyrir velfarnað allrar íslensku þjóðarinnar] og minnist þess að enginn lifir lengi á annarra sigrum heldur þeim, sem eftir er að vinna. Lífið er alt barátta og án stöðugrar atorku, árvekni og vinnu getur það tapast á morgun, sem vannst í gær.

Ef okkur Íslendingum tekst að að sækja fram í þá stefnu, sem mörkuð hefur verið á fyrstu 10 árum lýðveldisins og hér myndast öruggt stjórnarfar undir samhentri styrkri stjórn, þá standa vonir til að þessa fyrsta mannsaldurs í sögu lýðveldisins verði í framtíðinni minnst með sömu gleði og við minnumst hins fagra vors, sem nú var að líða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur